

Sp.

745. Breytingartillaga

við till. til þál. um nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um endurbætur á löggjöf um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Skal nefndin skipuð þannig: Vinnuveitendafélag Íslands tilnefnir einn mann, Alþýðusamband Íslands annan, en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal miða tillögur sínar við það, að eftirfarandi árangur náist með löggjöfinni:

1. að tryggt sé svo sem frekast er unnt allt öryggi og allur aðbúnaður starfsfólks iðjuvera.
2. að tryggt sé að fullu allt hreinlæti, einkum þó í þeim iðjuverum, sem framleiða matvæli, af hvaða tegund sem er.
3. að íbúum byggða, sem iðjuver er í, sé tryggt full vernd gegn hávaða, óþverra eða hættum, sem frá því kann að stafa.

Nefndin skal einnig athuga það gaumgæfilega, hvort ekki sé eðlilegt og rétt að sameina eftirlit með verksmiðjum og vélum og skipæftirlitið, og telji hún það hagkvæmara að athuguðu máli, þá að miða tillögur sínar við slíka sameiningu.

Nefndin skal hafa skilað álit og tillögum fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.